

Sp. 3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]
um landgrunnsmörk Íslands til suðurs.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson,
Oddur Ólafsson, Guðmundur Karlsson, Jósef H. Þorgeirsson,
Jón G. Sólnes, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að mótmæla nú þegar öllum tilraunum Breta til að reyna að slá eignarhaldi á klettinn Rokk (Rockall).

Alþingi lýsir því jafnframt yfir, að ákvörðun ytri landgrunnsmarka Íslands til suðurs miðast við, að engri þjóð beri tilkall til Rokksins.

Greinargerð.

Ríkisstjórn Stóra-Bretlands hefur gert tilraun til að slá eignarhaldi Breta á klettinn Rockall í þeim tilgangi að teygja yfirráð þeirra út á hafsbótssvæði, sem tilheyrir Íslendingum eftir þeim þjóðréttarreglum, sem nú eru í mótun. Öllum slíkum tilraunum ber þegar í stað að mótmæla, enda þótt sker þetta mundi ekki fá sjálfstæða efnahagslögsögu eftir þeim reglum, sem nú eru skráðar í uppkasti að hafréttarsáttmála.

Þegar fiskveiðilögsaga Íslands var loks færð út í 200 mílur, var þess að sjálf-sögðu gætt, að engin skerðing yrði á henni vegna Rokksins. Bretar viðurkenndu síðan fiskveiðitakmörk Íslands skv. reglugerð frá 15. júlí 1975 með Oslóarsamkomu- laginu 1. júní 1976 og staðfestu þar með, að engin efnahagslögsaga ætti að vera út frá Rokknum, þótt þeir teldu klettinn tilheyra sér. Ljóst er því, að nibba þessi getur ekki skert ytri landgrunnsmörk Íslands, fremur en efnahagslögsöguna.